



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 18/2006

Kvörtun Haga ehf. yfir notkun firmanafnsins Hagar hf.

I.

Erindið og málavextir

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 27. maí 2004, frá Steingrími Þormóðssyni hrl., f.h. Haga ehf., þar sem kvartað er yfir notkun Haga hf. á firmanafninu Hagar hf. Nöfn félaganna séu þau sömu, nema Hagar hf. sé í fleirtölu og séu þolfall og eignarfall nafnanna eins.

Í erindinu segir að Hagi ehf. hafi verið stofnað og skráð hjá fyrirtækjaskrá 1993. Tilgangur félagsins sé innflutningur, heildsala og smásala, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Fyrirtækið hafi notað firmanafnið Hagi ehf. frá stofnun félagsins og þekki viðskiptavinir fyrirtækið undir því nafni. Nafnið Hagi ehf. komi fram á nótum og nafnspjöldum fyrirtækisins. Með áralangri notkun telur kvartandi sig hafa áunnið sér einkarétt á vörumerkinu Hagi ehf.

Þegar Baugur Ísland hf. hafi breytt nafni sínu í Hagar hf., í lok október 2003, hafi lögmáður þeirra haft samband við forsvarsmenn Haga ehf. með það í huga að kaupa af þeim firmanafnið. Ekki hafi samist um kaup á nafninu. Hagar hf. hafi engu að síður haldið áfram notkun á umræddu nafni. Kvartandi kveðst hafa sent bréf til fyrirtækjaskrár og til Haga hf. til að mótmæla notkun þeirra á firmanafninu. Svar hafi borist frá lögmanni Haga hf. um að þeir teldu fyrirtækið ekki vera að ganga á rétt kvartanda með notkun firmanafnsins Hagar hf. Því bréfi hafi verið svarað af hálfu kvartanda en ekki hafi heyrst frá Högum hf. eftir það.

Telur kvartandi háttsemina varða 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, nú 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005. Krafist er að Samkeppnisstofnun beiti heimild 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga, nú 2. mgr. 16. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti, og banni Högum hf. notkun firmanafnsins Hagar hf. Kvartandi telji rétt sinn til firmanafnsins byggjast á skráningu í fyrirtækjaskrá og áunnum vörumerkjarétti fyrir notkun. Notkun Haga hf. á firmanafninu brjóti í bága við 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti og þá eigi 2. málslíður 12. gr. við í þessu máli, þar sem ruglingshætta á firmanöfnunum sé veruleg. Verði kvartandi fyrir miklum óþægindum vegna þess hve nöfnin eru lík. Þó ekki sé um að ræða beina samkeppni milli fyrirtækjanna þá séu



Hagar hf. stórt og þekkt fyrirtæki sem sé mikið í fjölmiðlum og hafi kvartandi orðið þess var að viðskiptavinir telji vera tengsl á milli fyrirtækjanna. Einnig berist kvartanda póstsendingar sem ætlaðar séu Höfum hf.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Haga ehf. var sent Höfum hf. til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 28. maí 2004. Í svari Þórðar Bogasonar hdl., f.h. Haga hf., dags. 29. júní 2004, kemur fram að umbjóðandi hans hafi ætlað að kaupa firmanafnið Hagi ehf. en hætt við og ákveðið að nota firmanafnið Hagar hf. Ekki sé hér um sama heiti að ræða þar sem Hagi ehf. er eintöluorð en Hagar hf. fleirtöluorð. Heitið hafi verið skráð hjá fyrirtækjaskrá þrátt fyrir mótmæli kvartanda. Þá segir í bréfinu að starfsemi sú sem Hagar hf. hafa á höndum sé gerólík starfsemi Haga ehf. þannig að ekki sé fyrir hendi ruglingshætta, í skilningi 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Kvartandi reki Hilti umboðið á Íslandi, sé með skráð vörumerkið Hilti og verslunarhúsnæði kvartanda sé merkt með áberandi hætti Hilti.

2.

Bréf Haga hf. var sent lögmanni Haga ehf. til umsagnar með bréfi Samkeppnistofnunar dags. 1. júlí 2004. Athugasemdir lögmannsins eru dags. 7. júlí 2004. Þar er bréfi lögmanns Haga hf. mótmælt í heild sinni. Kvartandi bendir á að með áralangri notkun á firmanafninu Hagi ehf. hafi kvartandi áunnið sér vörumerkjarétt á heitinu. 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti sé til fyllingar vörumerkjavernd þar sem henni sleppi og því eigi hún við í þessu máli. Kvartandi lætur fylgja með reikning sem barst kvartanda en fara átti til Haga hf. Að öðru leyti eru fyrri rök ítrekuð.

3.

Bréf Haga ehf. var sent lögmanni Haga hf. til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 12. júlí 2004. Athugasemdir lögmannsins eru dags. 15. júlí 2004. Þar er því mótmælt að kvartandi hafi áunnið sér vörumerkjarétt með notkun. Þetta sé ósönnuð staðhæfing og sé Samkeppnisstofnun ekki bær aðili til að skera úr um það. Þá er því mótmælt að Samkeppnisstofnun hafi heimild til að endurskoða skráningu í fyrirtækjaskrá. Ítrekað sé að ákvæði laga nr. 57/2005 um óréttmæta viðskiptahætti eigi ekki við í þessu máli og ekki sé hægt að kenna Höfum hf. um mannleg mistök þriðja aðila að senda póst á rangan stað.

4.



Með bréfi til málsaðila, dags. 16. júlí 2004, tilkynnti Samkeppnisstofnun að gagnaöflun í málinu væri lokið.

Með bréfum til málsaðila, dags. 6. desember 2004 og 13. maí 2005, var tilkynnt að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 30. júní 2005, til málsaðila var tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Tilkynnt var að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og málið flyttist til þeirrar stofnunar og fengi afgreiðslu þar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. október 2005, til Haga ehf. var sökum tafa á málinu óskað upplýst hvort enn væru uppi óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Svar Haga ehf. barst með tölvupósti, dags. 9. nóvember 2005, þar sem óskað var að málið yrði tekið til úrskurðar. Með bréfi, dags. 7 júlí 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf málsins.

III. Niðurstaða

Í máli þessu kvartar fyrirtækið Hagi ehf. yfir notkun Haga hf. á firmanafninu Hagar hf. Hagi ehf. hefur frá því árið 1993 starfað við innflutning, heildsölu og smásölu á sviði byggingaiðnaðar, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Hagi ehf. er skráð firmaheiti í fyrirtækjaskrá og hefur fyrirtækið um árabil notað firmanafnið Hagi ehf. til auðkennis fyrirtækisins á nótum og nafnspjöldum.

Hagar hf. er verslunarfyrirtæki og falla undir rekstur þess margskonar verslunar- og innflutningsfyrirtæki. Meginstarfsemi Haga hf. er að halda utan um rekstur dótturfyrirtækjanna. Engin bein verslunarstarfsemi fellur undir starfsemi Haga hf. Firmaheitið Hagar hf. var skráð í fyrirtækjaskrá árið 2003 og þá hefur fyrirtækið einnig skráð vörumerki með heitinu Hagar hf. í vörumerkjaskrá hjá Einkaleyfastofu.

Í erindinu vísar kvartandi til 5. og 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Í 5. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur



Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum.

Í greinargerðinni segir að í 2. málslið 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Taki þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Hagi ehf. var skráð í fyrirtækjaskrá árið 1993 og hefur frá þeim tíma notað firmanafnið sem vörumerki til auðkennis á nótum og nafnspjöldum fyrirtækisins. Hagar hf. voru skráðir í fyrirtækjaskrá árið 2003 og hafa skráð vörumerki í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu. Bæði fyrirtækin hafa því rétt til þessara auðkenna sinna í skilningi 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Að mati Neytendastofu á því 2. málsliður 12. gr. við í máli þessu. Skal því litið til þess hvort ruglingshætta í skilningi 12. gr. sé fyrir hendi.

Í málinu hefur því verið haldið fram að hálfu Haga hf. að Hagi ehf. sé betur þekkt undir nafninu Hilti og það sé það nafn sem fyrirtækið auðkenni sig með og auk þess sé það vörumerki skráð í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu. Að mati Neytendastofu girðir það ekki fyrir rétt fyrirtækis til firmanafnsins og þó starfsemin sé að einhverju leiti auðkennd undir vörumerki fyrirtækisins þó vörumerkið beri ekki firmanafnið.



Við athugun hefur einnig komið í ljós að Hagi ehf. auðkennir bifreiðar sínar með áberandi hætti Hagi ehf. og auk þess kemur firmanafnið fram á nótum og nafnspjöldum fyrirtækisins. Það er því ljóst að viðskiptamenn og aðrir neytendur þekkja firmanafnið Hagi ehf. í tengslum við starfsemi fyrirtækisins.

Firmanöfn eru mikilvægt auðkenni sem ætlað er að tákna atvinnurekstur viðkomandi fyrirtækis og greina fyrirtækið frá öðrum fyrirtækjum. Við mat á því hvort ruglingshætta sé fyrir hendi er litið til víxlverkan tveggja þátta. Annars vegar út frá hljóð- og sjónlíkingu og hins vegar út frá starfsemi fyrirtækjanna og hvort þau séu keppinautar. Eftir því sem starfsemi aðila er skyldari því minni kröfur eru gerðar til hljóð- og sjónlíkingar og öfugt að breyttu breytanda. Þegar sjón- og hljóðlíking er veruleg hefur verið talið nægjanlegt að báðir aðilar noti heitin í atvinnuskyni þó starfsemi sé ólík, sbr. Hrd. 1962, 475.

Skráning getur veitt einkarétt til firmanafnsins, en lagaverndin er fólgin í því að ekki sé um almennt heiti að ræða sem sé lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem eru í boði. Fyrirtæki sem velur sér slíkt firmanafn getur því þurft að sæta því að annar aðili noti hluta eða aðra orðmynd af heitinu í firmanafni sínu. Takmörkun af þessum sökum helgast af því að ósanngjarnt er gagnvart keppinautum að heimila aðeins einum aðila notkun á orði sem sé lýsandi fyrir þá vöru og þjónustu sem fyrirtækin bjóða upp á. Þegar firmanöfn eru orð almenns eðlis en gefa ekki hugmynd um sérstakan atvinnurekstur eða vísa til þeirrar vöru eða þjónustu sem í boði er, hefur verið talið að skráning veiti einkarétt til firmanafnsins sbr. Hrd. 1988, 1341 og Hrd. 1988, 1349.

Í þessu máli kemur til álita hvort firmanafnið Hagi ehf. búi yfir nægilegu sérkenni til þess að veita einkarétt á heitinu og þar með útiloka Haga hf. frá notkun orðsins sem firmaheiti í fleirtölumynd. Orðmynd heitanna er sú sama í þolfalli og eignarfalli, það eina sem greinir þau að í þeim tilfellum er skammstöfunin sem gefur til kynna að annað er einkahlutafélag en hitt hlutafélag. Í daglegri málnotkun eru þessar skammstafanir sjaldnast notaðar og því oft örðugt eða ótækt að gera greinarmun á því hvor aðilinn á í hlut. Þá er heitið Hagi orð almenns eðlis og merkir orðið beittland. Firmanafnið Hagi vísar hvorki til vöru eða þjónustu sem er í boði, né vekur hugmynd um sérstakan atvinnurekstur og verður því að telja að Hagi ehf. hafi við skráningu í fyrirtækjaskrá öðlast lögverndaðan rétt á heitinu.

Sýnt hefur verið fram á að ruglingur hafi átt sér stað milli aðila. Þannig hafi póstsendingar ratað á rangan stað og aðilar hafa ruglast á fyrirtækjunum í tengslum við fjölmiðlaumræðu. Að því virtu og með vísan til ofangreinds er það mat Neytendastofu að notkun Haga hf. á firmanafninu Hagar hf. sé brot á 5. gr. og 2. málslíð 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.



IV.
Ákvörðunarorð:

„Hagar hf. hafa með notkun firmanafnsins Hagar hf. brotið gegn 5. gr. og 2. ml. 12. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Högum hf. að nota firmanafnið Hagar.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 29. desember 2006

Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndarneytendamála í [máli nr. 01/2007](#)